

## Fyrirspurn

til fjármálaráðherra um ferðapunkta.

Frá Jóhanni Ársælssyni.

1. Hvert var verðmæti ferðapunkta sem flugfélög veittu einstaklingum fyrir ferðir á vegum ríkissjóðs árið 2002?
2. Hvert var verðmæti ferðapunkta einstaklinga í þeim tíu stofnunum sem flesta punkta fengu fyrir ferðir á vegum ríkissjóðs árið 2002?
3. Hvert var verðmæti ferðapunkta þeirra tuttugu einstaklinga sem flesta punkta fengu árið 2002, sundurliðað eftir einstaklingum og stofnunum? Mannanafna er ekki óskað.

Skriflegt svar óskast.